

Hreinir tónar í glötuðu starfsumhverfi

Um starfsvettvang klassískra söngvara á Íslandi

Á Íslandi hafa faglærðir klassískir söngvarar tekið þátt í og glætt menningarlífið áratugum saman en klassísk söng- og kóramenning hafa löngum verið mikilvægur partur af íslensku samfélagi. Íslenskir söngvarar hafa gert garðinn frægan víða um lönd, sungið á stærstu sviðum heims og margir hafa sungið sig inn í hjörtu þjóðarinnar, stundum á mikilvægustu stundum í lífi fólks. Um þessar mundir eru 131 skráðir meðlimur í Klassís, fagfélagi klassískra söngvara og starfa sumir hérlendis en aðrar einnig erlendis. Flestir völdu sér starfið vegna ástríðu á söng, leik og tónlistinni sjálfri og stunduðu lengi nám í tónlistarháskólum til að geta starfað við fagið. Á Íslandi eru auk þess um 250-300 starfandi kórar með um 8000 meðlimum og um 500 söngnemendur stunda söngnám í fjölmörgum tónlistarskólum um land allt. Hlutfall kórsöngvara af þjóðinni er um 4-5% skv. nýlegri könnun [Gallups](#) en í henni kemur einnig fram að alls hafi um 38% landsmanna einhvern tíma sungið í kór á ævinni og um 55% kvenna. Í hverri viku má sækja ýmsa söngtónleika um land allt, mikil gróska er í klassísku sjálfstæðu söngsenunni og auk þess koma íslenskir atvinnusöngvarar fram í óperu- og tónlistarhúsum víða um heim í hverri viku. Óperusýningar eru almennt vel sóttar og framboðið hefur aukist undanfarið samhliða nýliðun í faginu.

Miðað við velgengni íslenskra söngvara erlendis og hérlendis, virðast sumir þeirra hafa komist ansi nálægt því að finna hinn hreina tón. Nokkrir hafa náð eins langt og hægt er í faginu og jafnvel unnið til virtra verðlauna eins og Grammy. Aðrir hafa átt góða ferla og unnið árum saman við fagið í ýmsum löndum. Algeng spurning sem íslenskir söngvarar fá erlendis hjá samstarfsfólki sínu, er hvers vegna það komi svo margir góðir söngvarar frá þessu litla landi. Íslenska þjóðin er jú söngelsk með eindæmum og gott aðgengi að tónlistarmenntun hefur eflaust orðið til þessarar jákvæðu þróunar. En þrátt fyrir sigra og velgengni, virðist starfsumhverfi þessa hóps listamanna ekki vera upp á marga fiska hérlendis og ekki hefur verið hlúð að því svo vel sé. Greinarhöfundar fóru á stúfana fyrir nokkru, lögðu viðhorfskönnun um starfsumhverfið fyrir félaga í Klassís, leituðu upplýsinga og kortlögðu starfsvettvanginn í samstarfi við Nýsköpunarsjóð námsmanna og Heimildina. Þær starfa báðar sem klassískar söngkonur.

Lýsandi dæmi

Í Skaupinu í hittið fyrra vakti [sena úr Bónus](#) mikla athygli. Saga Garðarsdóttir leikkona lék konu sem hafði gleymt að taka með sér poka og á meðan hún laumaðist aftur inn í búðina til að finna plastpoka, söng hljómmikill kór reiðisöng yfir henni, svo hún skammaðist sín fyrir umhverfissóðaskapinn. Mörgum þótti atriðið vel heppnað og söngurinn flottur. Nokkrum vikum seinna, kom atriðið aftur til tals í samfélaginu þegar í ljós kom að söngvararnir sem höfðu verið fengnir til að syngja í atriðinu, fengu ekki eðlilega greitt fyrir vinnuna sína eða einungis um 10% af lágmarkstaxta. Mörgum var ofboðið og heit umræða skapaðist en segja má að þetta hafi verið lýsandi dæmi fyrir stöðu og starfsvettvang klassískra söngvara á Íslandi.

Þrátt fyrir að félagar í Klassís séu eins margir og raun ber vitni, starfa þeir þó ekki allir í fullu starfi við sönginn. Staðreyndin er sú að það reynist söngvurum nær ómögulegt að starfa við sönginn í fullu starfi á Íslandi. Bestu atvinnumöguleikarnir eru óneitanlega erlendis.

Þjálfun, nám og starfsheiti

Í þessari grein notum við starfsheitið klassískur söngvari í stað óperusöngvari vegna þess að það hefur breiðari skírskotun og margir innan fagsins notast við það. Klassískt menntuðum söngvurum má bera saman við hljóðfæraleikara og íþróttamenn hvað þjálfun varðar, þar sem áratugalöng ástundun liggur oft að baki. Þjálfun söngvara felst að miklu leyti í því að byggja upp tækni og úthald sem gerir þeim kleift að berast vel í ólíkum rýmum, til dæmis í gegnum hljómsveit eða í samsöng með öðrum söngvurum eða hljóðfærum sem og að geta sungið með ríkum blæbrigðum. Söngnámið felur í sér fjölmargar námsgreinar til að gera söngvarann í stakk búinn að starfa á atvinnuvettvangi; hann þarf m.a. að læra tónheyrn, tónfræði, tónlistar- og menningarsögu, grunn og framburð í ýmsum tungumálum, hljóðfræði, mismunandi tónlistarstíla, sviðsframkomu, leikræna tjáningu/leiklist, hljómfraði, tónbókmenntir og samsöng. Ef viðkomandi ætlar að starfa sjálfstætt, er einnig gott að vera vel að sér í verkefna- og viðburðastjórnun, fjáröflun, kynningar- og markaðsmálum, ritun, samfélagsmiðlum og almennri miðlun, samningagerð, vefsíðugerð, prógrammeringu, ráðningum og myndun tengslaneta.

Á Íslandi er klassískur söngur kenndur við ýmsa tónlistarskóla víða um land, bæði á framhaldsstigi en einnig á háskólastigi við Listaháskóla Íslands. Að útskrift lokinni hér heima, halda flestir sem hyggja leggja starfið fyrir sig, út í frekara framhaldsnám erlendis. Sumir ílengjast þar við nám og störf en aðrir ákveða að halda aftur heim á leið. Sú ákvörðun verður

oft þess valdandi að viðkomandi skiptir um starfsvettvang eða starfar bara í hlutastarfi við sönginn. Þrátt fyrir þungt starfsumhverfi, virðist fólk hvorki hika við að stunda söngnám árum saman né taka námslán hjá Menntasjóði námsmanna. 91% af aðspurðum söngvurum sögðust hafa tekið námslán til að fjármagna nám sitt, sem nú standa í allt frá 3-25 milljónum króna. Meistararitgerð og rannsókn Ásu Fanneyjar Gestsdóttur, söngkonu og menningarstjórnanda, [Þetta er bara bévítans hark](#) frá árinu 2017 fjallar um veruhátt óperusöngvara og upplifun þeirra af starfsvettvanginum. Þar kemur fram að viðmælendur gátu ekki ráðlagt öðrum að velja þetta starf. Þá töluðu konur einnig um að innan fagsins væru kynjamismunun og kynferðisleg áreitni þekkt vandamál.

Starfsvettvangurinn

Helsti starfsvettvangur faglærðra klassískra söngvara, almennt séð er, auk óperustarfa, störf við kóra eða kirkjuathafnir, með hljómsveitum, í tónlistarleikhúsi og sjálfstæðum verkefnum. Klassískir söngvarar geta hvergi sótt um fasta stöðu á Íslandi í sínu fagi og því eru nær allir söngvarar á Íslandi sjálfstætt starfandi. Þessu er öfugt farið hjá leikurum, dönsurum og hljóðfæraleikurum sem hafa möguleika á að sækja um föst störf við leikhúsin, Íslenska dansflokkinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í Sinfóníuhljómsveitinni eru minnst 65 stöðugildi hljóðfæraleikara en hljómsveitin var stofnuð árið 1950 og á sér yfir 70 ára sögu. Gildi hennar fyrir íslenskt samfélag og menningarlíf verður seint fullmetið. Fáir vita að á Íslandi starfaði Útvarpskór (með 2ja ára hléi) frá 1931-1950. Hann var hins vegar lagður niður stuttu eftir að Sinfóníuhljómsveitin var stofnuð því ekki þótti nægilegt fjármagn til staðar til að halda úti bæði hljómsveit og kór. Óhjákvæmilega vaknar sú spurning hvernig menningarlífið okkar liti út ef Útvarpskórinn hefði einnig, eins og Sinfó, átt sér 70 ára sögu? Hvaða söngvara, söngmenningu og hljóðrituð tónverk ættum við í dag ef hans hefði notið við?

Söngvarar á Íslandi starfa sumir við jarðarfararsöng og kirkjuathafnir; Íslenska óperan, sinfóníuhljómsveitir á Íslandi og ýmsar hátíðir og kórar ráða söngvara í nokkur verkefni á ári en söngvarar hafa einnig á undanförunum árum orðið atkvæðameiri í sjálfstæðu sviðslistasenumni og staðið fyrir eigin verkefnum í auknum mæli.

Þeir sem lokið hafa löngu söngnámi en starfa ekki sem söngvarar í fullu starfi, snúa sér stundum að skyldum störfum þar sem menntunin nýtist eins og t.d. við söng-, tónlistar- og listgreinakennslu, menningarstjórn, kórstjórn og sviðslistir. Sumir þeirra starfandi söngvara sem við töluðum við og þekkjum til, hafa einnig notað söngmenntunina til að standa fyrir og þróa einstök söngtengd nýsköpunarverkefni. Sem dæmi um slík má nefna [langspilsverkefni](#) Eyjólfssonar, söngvara og þjóðfræðings; ferðamannaverkefni

Hafsteins Þórólfssonar hjá Pink Iceland, söngvara og leiðsögumanns; félagsleg söngverkefni Magneu Tómasdóttur fyrir fólk með heilabilanir; verkefni Bjarna Thors, [Perlur íslenskra sönglaga](#) sem og tónlistarhátíðirnar [Óperudagar](#) sem og [Sönghátíð](#) í Hafnarfirði sem stofnuð var af Guðrúnu Jóhönnu Ólafsdóttur, söngkonu og söngkennara og Francisco Javier Jáuregui Narváez, gítarleikara.

Árið 2018 urðu nokkur tíðindi þegar faglærðir söngvarar stofnuðu [Klassís](#), fagfélag söngvara á Íslandi en aðaltilgangur félagsins er að efla starfsvettvang söngvara á Íslandi og styrkja stöðu þeirra í hvarvetna. Í fyrsta sinn eignuðust söngvarar sameiginlegan vettvang þar sem hægt er að standa saman, takast á og álykta um mikilvæg málefni, þrýsta á fagleg sjónarmið og stuðla að valdeflingu söngvara.

Söngvararnir sem tóku þátt í viðhorfskönnuninni, lýstu meðal annars starfsumhverfinu á Íslandi á eftirfarandi hátt: *óásættanlegt, slæmt, ófaglegt, erfitt, ólíðandi, óstablít, óöruggt, illa borgað, ekkert til að tala um, verulega glatað, ekki mikil samstaða, ekki mjög beisið, enginn starfsgrundvöllur, hörmulegt, lítið hvetjandi, þungt, óþroskað, bágborið, hark, handahófskennt, skelfilegt, mjög klíkumiðað, enga fasta vinnu að fá, mjög fá tækifæri; engin vernd innan umhverfisins eða samfélagsins fyrir söngvara.*

Einn af þeim 50 söngvurum sem tóku þátt, svaraði að sér fyndist starfsumhverfið ágætt. Í næstu köflum köfum við aðeins dýpra í þau starfstækifæri sem klassískum söngvurum stendur til boða á Íslandi.

Íslenska óperan og Þjóðarópera

Íslenska óperan (ÍÓ) var formlega stofnuð árið 1980 af ástríðufullu óperufólki með Garðar Cortes frumkvöðul og söngvara í broddi fylkingar. Garðar Cortes lést síðastliðið vor en framlag hans til íslensks söng- og menningarlífs verður seint fullþakkað. Íslenska óperan hefur verið eina stofnunin á landinu sem nýtur fastra opinberra fjárframlaga til að standa fyrir óperuflutningi. Á hverju ári hefur ÍÓ sett upp 1-2 óperusýningar, nýjar eða eldri uppfærslur, sem og minni viðburði. Stofnunin hefur ráðið tónlistarfólk í tilfallandi verkefni en afar sjaldan í fastar stöður. Föstu starfsmennirnir hafa hingað til verið, eftir því sem best verður komist, stjórnendur, starfsfólk á skrifstofu, yfirmaður búningadeildar og sýningar-/framleiðslustjóri. Á tímabilum hefur tónlistarstjóri starfað við ÍÓ og rétt eftir aldamót voru söngvarar fastráðnir til 1 árs í senn. Skrifstofur ÍÓ eru á besta stað í Hörpu og sýningarnar fara flestar þar fram. Áður átti óperan heimili sitt í Gamla bíó sem margir sakna. Almennt séð þykir íslenskum söngvurum mjög vænt um Íslensku óperuna enda eiga margir dýrmætar minningar úr starfi

sínu þar. Saga hennar er merkileg og hún hefur verið mikilvægasti starfsvettvangur söngvara á Íslandi frá stofnun. Ótal vel heppnaðar sýningar hafa verið settar upp þar í gegnum tíðina. Á undanförunum árum hefur þó styr staðið um hana, reksturinn og stjórnendur eins og fjallað hefur verið um víða í fjölmiðlum. Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið eru kjaramál og launastefna, skortur á samningum og faglegu samtali, ógagnsæi, lítil framleiðsla, vöntun á viðburðum fyrir börn, leiguhúsnæðið, framkoma stjórnenda við listamenn, valdleysi söngvara, skortur á fagfólki í stjórn og nú síðast gervi í uppfærslunni Madame Butterfly eftir Puccini. Sunna Valgerðardóttir, fréttamaður á RÚV rifjaði nýlega upp stöðu ÍÓ í þættinum [Þetta helst](#) í kjölfar mikillar umræðu um skaðlegar birtingamyndir á steriótýpum í Madame Butterfly. Í þættinum fjallaði hún einnig um dómsmál Þóru Einarsdóttur gegn ÍÓ sem söngkonan vann fyrir Landsrétti vegna vangoldinna launa; [vantraustsyfirlýsingu Félags klassískra söngvara](#) á stjórn og óperustjóra sem og viðbrögð formanns stjórnar Íslensku óperunnar við yfirlýsingunni. Þrátt fyrir gagnrýnina, hefur þó margt verið vel gert síðustu ár; listamenn hafa brillerað í sýningunum sem flestum hefur verið vel tekið og verið mjög vel sóttar.

Síðastliðin ár hafa æ háværi raddir heyrst í menningarlífinu um að breyta þurfi rekstrarformi óperunnar og bæta vettvanginn. Stofnunin hefur lengi verið rekin sem sjálfseignarstofnun og því þarf hún ekki að fara eftir stjórnsýslulögum en það hefur oft verið harðlega gagnrýnt, t.d. þegar núverandi óperustjóri var ráðinn árið 2015. Viðkomandi hafði á þeim tíma ekki sérhæfða starfsreynslu úr óperuheiminum og ýmsu fagfólki fannst ráðningin því illskiljanleg.

Aðdragandi hugmyndanna um þjóðaróperu hófst fyrir alvöru þegar ný lög um sviðslistir tóku gildi í júlí 2020 en lengi hafði verið unnið að þeim. Klassís sendi félagsmönnum sínum eftirfarandi upplýsingar um aðdraganda hugmyndanna í fyrra:

Ný lög um sviðslistir sem tóku gildi í júlímánuði 2020 höfðu verið lengi í bígerð og voru fyrst lögð fram á 140. löggjafarþingi 2011-2012. Á þessum tíma tóku þau breytingum og m.a. kom bráðabirgðaaákvæði um þjóðaróperu inn í lögina á 149. löggjafarþingi 2018–2019 (framlagt í apríl). Á þinginu þar á eftir (150. löggjafarþing 2019 í október) voru ný lög um sviðslistir 165/2019 lögð fram og samþykkt í desember sama ár. Þar með fékk óperulistformið loks sess við hlið leikhúss, dans- og brúðuleikhúss og var lagalega skilgreint með sviðslistunum.

Við undirbúning og ritun sviðslistalaganna varð ljóst að það vantaði lagaramma um óperu þannig að hún hefði sama lagalega grundvöll og tryggingu fyrir tilvist sinni og aðrar sviðslistir. Enn fremur opinberaðist að það fjármagn sem hið opinbera úthlutar til óperustarfsemi væri útboðsskilyrt skv. lögum um opinber fjármál og því ekki örugg trygging talin fyrir því að sama fyrirtækið hlyti það

fjárframlag til lengri tíma litið. Niðurstaðan var að ef hið opinbera ætlaði yfir höfuð að styðja við óperulistgreinina á sambærilegan hátt og stutt er við Þjóðleikhúsið og Dansflokkinn væri forsendan sú að stofna þyrfti þjóðaróperu, ellegar þyrfti að hafa fjármagnið í sjóði sem hægt væri að sækja í og gera samninga til skemmri tíma við ráðuneytið.

Í lögnum um sviðslistir 165/2019 er kveðið á um stofnun þjóðaróperu með bráðabirgðaákvæði í lögnum: Þrátt fyrir ákvæði 21. gr. skal ráðherra fyrir 1. júlí 2020 skipa nefnd sem falið verður að gera tillögur um stofnun þjóðaróperu. Nefndin skal skila ráðherra tillögum sínum eigi síðar en í árslok 2020.

Meirihluti nefndar sem stofnuð var af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu árið 2020, til að kanna grundvöll fyrir stofnun nýrrar þjóðaróperu, lagði til í skýrslunni [Þjóðarópera, uppspretta nýsköpunar úr jarðvegi hefðar](#) „að mennta- og menningarmálaráðherra bæri fram frumvarp til breytinga á lögum um sviðslistir og lögfesti stofnun þjóðaróperu (...) í þeim tilgangi að gera að veruleika nýjan starfsvettvang fyrir söngvara, hljómlistarmenn, tónskáld, textasmiði og annað listafólk sem sinna kann óperulistinni og alltof lengi hefur verið homreka í íslensku menningarlífi.“. Yfirgnæfandi meirihluti þess fagfólks sem nefndin ráðfærði sig við, studdi einnig stofnun þjóðaróperu. Tveir nefndarmeðlimir skiluðu séráliti.

Í álitni meirihluta nefndarinnar kom eftirfarandi fram:

Ísland býr yfir óþrjótandi auðæfum fólgin í hugviti listafólks. Ópera er það listform sem sameinar öll listform í heildræna upplifun. Íslenskir listamenn standa í fram- varðarsveit alþjóðlega og er hlutfall söngvara, tónskálda, tónlistar- og sviðslistafólks sem njóta velgengni og virðingar á erlendum vettvangi einstakt. Þessi frjóji jarðvegur getur lagt grunn að þjóðaróperu sem tekur mið af sérstöðu íslensks listasamfélags og menningar.

Íslensk stjórnvöld standa nú frammi fyrir þeirri grundvallarspurningu, hvort vilji sé fyrir stofnun þjóðaróperu sem hlúir að starfsvettvangi allra þeirra greina er koma að sköpun óperu. Það er álit nefndarinnar og þorra þeirra álitsgjafa sem leitað var til að nauðsynlegt sé að trygg lagaleg umgjörð verði sett í því skyni að skapa þeim lista- mönnum og sérhæfðu tæknilegu starfsstéttum sem hafa kappkostað að sækja sér menntun og reynslu jafnt hér á landi sem erlendis stöðugan vettvang með skýrt opinbert menningarlegt hlutverk til að þróa óperu sem á erindi við íslenskan samtíma.

Nefndin ræddi meðal annars við Kristinn Sigmundsson, þann íslenska óperusöngvara sem náð hefur hvað allra lengst sem sagði meðal annars:

Söngvarar þurfa að geta helgað listinni starfskrafta sína óskipta. Á Íslandi er enginn söngvari fastráðinn. Óperan þarf að njóta fastráðningar á sama hátt og atvinnuleikhúsin, Íslenski dansflokkurinn og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Áður en það gerist, búum við við áhugamannaóperu. Við eigum fjöldann allan af góðum óperusöngvurum. Margir þeirra starfa erlendis og suma þeirra höfum við hvorki séð né heyrt á íslensku óperusviði. Sinfóníuhljómsveit Íslands er stórkostleg og í stanslausum vexti. Við erum stolt af henni. Þar skiptir miklu að hún hefur á að skipa fjölda fastráðinna hljóðfæraleikara. Það sama gildir um atvinnuleikhúsin og sýningar þeirra. Ég vona að við getum orðið jafn stolt af Þjóðaróperunni.

Í lok maí 2023 birtust fréttir um að öllu föstu starfsfólki ÍÓ hefði verið sagt upp, nema óperustjóra og í [viðtali](#) tók óperustjóri fram að breytingar væru í farvatninu. Í viðtalinu kom fram jákvætt viðhorf til breytinganna. Annan tón var að heyra seinna meir í [yfirlýsingu](#) frá stjórn ÍÓ þar sem skorað var á stjórnvöld að skrúfa ekki fyrir fjármagn til stofnunarinnar. Stjórnir BÍL og Klassís sendu í kjölfarið frá sér ályktanir þar sem lögð var áhersla á að félögin styddu áform ráðuneytisins.

Eins og málin standa núna, er vinna við stofnun nýrrar Þjóðaróperu í fullum gangi í ráðuneytinu í samstarfi við nýráðinn verkefnastjóra og nefnd um stofnun Þjóðaróperu. Stefnt er á að hún taki til starfa í byrjun árs 2025, nái áætlanir fram að ganga. Fyrir þær sakir mun ÍÓ ekki njóta sömu fjárframlaga og áður og nú í febrúar gefst sjálfstæðu senunni auk þess tækifæri á að sækja um fjármagn í nýjan óperusjóð. Breytingar eru því á næsta leiti. Ljóst er að um mikið tilfinningamál er að ræða en heitar umræður áttu sér stað meðal fagfólks á nýliðnu ári þar sem sumir lýstu yfir mikilli hræðslu og tortryggni yfir áformunum þó svo meirihluti hafi lýst yfir jákvæðu viðhorfi sbr. niðurstöður viðhorfskönnunarinnar. Nokkrir töldu sig ekki hafa kynnt sér málið nægilega vel til að mynda sér skoðun. Hér að neðan má sjá nokkur dæmi:

Hvaða skoðun hefur þú á stofnun nýrrar Þjóðaróperu?

Ég vil sjá Þjóðaróperu; Þarf að gerast eins fljótt og hægt er; Líka 100% með því; Myndi fagna því; Nauðsynlegt. Og nauðsynlegt að framkvæma vel og faglega og hugsa bæði stórt og praktískt;

Mjög fylgjandi þeirri hugmynd

Væri mjög jákvæð þróun

Tel það mjög brýnt að Þjóðarópera verði stofnuð

Er nokkuð hlutlaus

Mikil þörf fyrir henni og þessum breytingum!!!

Það þarf klárlega að vinna ofan af stofnuninni sem hlýtur núna opinbera styrki fyrir óperuflutning. Bæði tekur skrifstofan allt fjármagnið og ekkert er lagt upp úr grasrót eða flutningi á Íslenskum óperuverkum. Einnig er augljóst, út frá málaferlum Þóru, að enginn í stjórn eða óperustjóri eru hæfir til að sinna listgreininni.

Ég vona að sú hugmynd fái fram að ganga svo að Íslensk sönglist fái notið sín enn frekar; Þjóðarópera væri mikið framfararkref. Við verðum að sjá breytingar, óperan þarf verðugri sess hjá þjóðinni og nýjan óperustjóra.

Ég verð að játa að ég hef ekki kynnt mér niðurstöður nefndar um stofnun þjóðaróperu. Hvort sem stofnunin kallast þjóðarópera eða eitthvað annað, þá er ljóst að þeir fjármunir sem hafa gengið til Íslensku óperunnar (og eru helsta framlag ríkisins til óperuflutnings til viðbótar við listamannalaun og sviðslistasjóð) gætu nýst mun betur

Ég er á þeirri skoðun að byggja ætti nýja þjóðaróperu á grunni Íslensku óperunnar, sumsé breyta rekstri ÍÓ. Þykir vænt um ÍÓ og hún hefur verið að byggja upp frábært starf og setja upp mjög flottar sýningar og finnst galin hugmynd að leggja hana niður og stöðva fjárframlög til hennar.

Nauðsyn. Annars mætti hætta að kosta nemendur í söngnám á Íslandi.

Bráðnauðsynlegt og löngu tímabært. Nauðsynlegt að hafa fagrað, fagaðila til ráðgjafar og í stjórn.

Bráðnauðsynlegt - staða ÍÓ í dag hefur beðið hnekki í stjórnunartíð núverandi óperustjóra og stjórnar og mörgum söngvurum líður eins og faginu sé haldið í gíslingu enda ÍÓ eina stofnunin sem nýtur fastra opinberra fjárframlaga. Breyta verður rekstrarforminu til að gera það faglegt en nú í dag er ÍÓ rekin sem sjálfseignarstofnun. Ég finn fyrir sorg og djúpum vonbrigðum yfir öllum þeim tækifærum sem söngvarar og áhorfendur hafa farið á mis við á undanförmum árum og vona að það muni breytast þegar faglegri Þjóðaróperu verður komið á

koppinn. Þjóðin öll, söngvarar og áhorfendur eiga skilið að fagfólk fari með stjórn fagsins og vettvangsins.

Ég held að það sé farsælast fyrir alla starfsstéttina. Það myndi líklegast auka gagnsæi á starfsemi óperunnar. Ég held að þjóðarópera myndi hafa mjög jákvæð áhrif á starfsstéttina og styrkja stöðu íslenskra söngvara.

Það þarf að grundvalla óperustarfsemi hér eins og aðra sviðslistastarfsemi, með skilgreindri aðkomu ríkisins og stjórn sem er skipuð fulltrúum ákv. aðila. Núverandi ástand er óboðlegt.

Sjálfstæða senan og listahátíðir

Á undanförunum árum hefur sjálfstæða óperu- og söngsenan sprungið út. Ný kynslóð sprenglærðra söngvara hefur rutt sér til rúms með framkvæmdagleði og listrænan metnað að vopni og staðið fyrir fjölmörgum metnaðarfullum verkefnum. Þessi hópur hefur sterkar skoðanir á því hversu mikilvægt er að bæta starfsumhverfið svo hægt sé að starfa við fagið á Íslandi í framtíðinni. Á Grímuverðlaununum í júní sl. hlaut grasrótastarf óperulistamanna verðlaunin Sproti ársins. Í viðtali í Kastljósi rétt fyrir verðlaunaafhendinguna, minntist Viðar Eggertsson, leikari og leikstjóri á hvernig fjarað hefði undan starfsemi Íslensku óperunnar á síðustu árum en að óperulistamenn hefðu í raun fært starfsemina út í grasrótina og þannig tekið við arfleifið Garðars Cortes og hans frumkvöðlastarfs og gert það að sínu.

Mikil gróska er í sjálfstæða geiranum um þessar mundir en vandamálið er hins vegar að hann er ótryggur og ófyrirsjáanlegur og innviðirnir að sumu leyti ófaglegir. Íslenskir listamenn geta sótt um verkefnastyrki og listamannalaun til framkvæmda á verkefnum en árángurshlutfall þeirra sem sækja um starfslaun tónflytjenda er lágt eða 21% (árið 2023) og úthlutanir aðeins einu sinni á ári. Í fyrra fengu aðeins sjö söngvarar laun í samtals 41 mánuð, eða að meðaltali í um 5,6 mánuði hver. Upphæð listamannalauna á mánuði miðast við 66% vinnu og launin eftir því, eins og um hlutastarf sé að ræða. Þannig eru 5,6 mánuðir á listamannalaunum í raun eins og eins og 3,7 mánuðir á fullum launum. Fagleg nefnd fer yfir allar umsóknir. Listamannalaunin eru ekki hugsuð sem hefðbundin laun heldur verkefnastyrkir. Á hverju ári eru listamenn því á byrjunarreit hvað listamannalaunin varðar og aldrei er möguleiki á að gera nokkurra ára plön fram í tímann. Einn helsti gallinn við styrkjakerfið er hversu seint svör berast við umsóknum og hversu stutt fram í tímann er hægt að sækja um styrki. Það setur íslenskt tónlistarfólk oft í vonda stöðu gagnvart erlendum samstarfsaðilum. Vonir standa þó til með að styrkjaumhverfið eflist og bætist í kjölfar

nýstofnaðrar Tónlistarmiðstöðvar sem hefur almennt séð mætt jákvæðu viðhorfi tónlistarfólks. Nýlega samþykkti Alþingi [nýtt frumvarp](#) Lilju Daggar Alfreðsdóttur, menningar- og viðskiptamálaráðherra um íslenska tónlistarstefnu á árunum 2023-2030 en eitt af markmiðum hennar er að tónlist verði [fullgild og eftirsóknarverð atvinnugrein](#). Sömuleiðis er nú unnið að mótun sviðslistastefnu sem nær utan um styrkjaumhverfið sem snýr að óperuflutningi og tónleikhúsi sem kemur til með að hafa bein áhrif á starfsvettvang söngvara.

Af þeim sem hafa látið að sér kveða og einbeita sér að söngverkefnum, má nefna hópa eins og Alþýðuóperuna, Svartan jakka, Norðuróp, Sambandið óperukompaní, Sviðslistahópin Óð, Animato, Kammeróperuna, Cantoque Ensemble, Schola Cantorum, kyrju, Barbörukórinn og Olgu Vocal Ensemble. Aðstandendur þeirra hafa komið íslenskum áhorfendum skemmtilega á óvart með afbragðsgóðum, einföldum uppfærslum og vönduðum tónleikum sem hafa hitt í mark og minnt á hversu fjölbreytt og aðgengilegt listformið getur verið. Óperudagar og Sönghátíð í Hafnarfirði eru hátíðir sem helga sig klassískri sönglist en fjölmargir viðburðir hafa verið haldnir á þeirra vegum á síðustu árum. Hjá báðum hátíðum er lögð sterk áhersla á fjölbreytta viðburði fyrir alla aldurshópa; faglegt samtal og fræðslu; alþjóðlegt og innlent samstarf og metnaðarfulla dagskrá. Einnig eru aðrar hátíðir þar sem klassískir söngvarar eru ráðnir í verkefni eins og t.d. Listahátíð í Reykjavík, Þjóðlagahátíðin á Siglufirði; Berjadagar á Ólafsfirði, Sumartónleikar í Skálholti, Erkitíð, Act Alone á Vestfjörðum; Myrkir músíkdagar, Við Djúpið á Ísafirði, Seigla, Ljóðið lifi og hin glænýja Reykjavík Early Music Festival. Á landsbyggðinni er öflugt söngstarf, t.d. Norðurópi í Reykjanesbæ, og hjá ýmsum á Akureyri og Austurópi á Egilsstöðum þar sem staðið er fyrir metnaðarfullum verkefnum af atvinnufólki. Stærsta áskorun þessara hópa og hátíða er að tryggja fjármagn til að standa fyrir starfi sínu og hafa atvinnu við fagið sitt hér á landi. Flestir þurfa að byrja fjármögnun frá grunni á hverju ári þar sem nær ómögulegt er að tryggja styrki til nokkurra ára í senn en því er öfugt farið í mörgum löndum sem við miðum okkur við. Sums staðar, eins og til dæmis í Danmörku og Hollandi, er hægt að sækja um fjármögnun til nokkurra ára í senn til að standa fyrir umfangsmiklum menningarverkefnum. Slíkir styrkir myndu breyta landslaginu á Íslandi og starfsgrundvelli sjálfstætt starfandi atvinnufólks. Á undanförunum árum hafa langflestar óperusýningarnar sem fluttar hafa verið á landinu verið í boði sjálfstæðu senunnar og því sviður mörgum hversu litlu fjármagni hefur verið veitt í hana.

Listahátíðir leika æ stærra hlutverk í menningarlífinu og ferðamennsku og eru orðnar að mikilvægum starfsgrundvelli alls listafólks. Almennt séð þyrfti að hlúa mun betur að þeim fjölmörgum hátíðum sem í boði eru á Íslandi því þær eru mjög atvinnuskapandi og skila miklum verðmætum til samfélagsins. Rekstrarumhverfið er hins vegar bagalegt. Margar

rannsóknir hafa sýnt fram á jákvæð áhrif listahátíða á lýðheilsu og nærsamfélagið og geta verið mikil lyftistöng fyrir smærri samfélög, t.d. á landbyggðinni. Í mörgum tilvikum eru skipuleggjendur að vinna að listahátíðum á Íslandi í sjálfbæðiástarfi sem gengur ekki til lengdar og endar oft með að fólk gefst upp og dýrmæt þekking glatast. Erlendar hátíðir leita oft eftir samstarfi við íslenskar hátíðir með tilheyrandi fjármögnun að utan en íslenskum hátíðum getur reynst erfitt eða ógerlegt að leggja fram lágmarksframlag á móti. Oft koma langstærstu styrkir íslenskra hátíða að utan. Sem dæmi má nefna að í hittið fyrra var íslenskt þema á norrænu sönghátíðinni Nordic Song Festival í Trollhättan í Svíþjóð; á árunum 2023-2025 kemur Herning Opera Festival með 80 milljón króna kórverkefni fyrir unga söngvara inn í íslenskt menningarlíf á Óperudaga og Narva Opera Festival í Eistlandi hefur leitað til íslenskra listamanna undanfarið. Íslenskar hátíðir þurfa traustan rekstrargrundvöll til nokkurra ára til að geta svarað eftirspurninni, skipulagt fram í tímann og verið álitlegur kostur fyrir erlenda samstarfsaðila. Hátíðamál á Íslandi eru um þessar mundir í ólestri að þessu leyti þó ekki vanti hugmyndauðgi, mannauð og samstarfsvilja.

ÚTÓN

Í fyrra birti Egill Árni Pálsson, söngvari, [póst á samfélagsmiðlum](#) þar sem vakin var athygli á hversu snúið getur reynst fyrir klassíska tónlistarmenn að fá styrki hjá ÚTÓN, útflutningasjóði íslenskrar tónlistar. Egill hafði fengið synjun um ferðastyrk frá ÚTÓN til að fara með öðrum íslenskum tónlistarmönnum í tónleikaferð til Bandaríkjanna til að flytja íslenska tónlist og frumflytja íslensk verk. Verkefnið strandaði á því að ekki hlaut ferðastyrkur frá ÚTÓN. Umsóknin var sterk og verkefnið tikkaði í þau box sem til þarf hjá sjóðnum en það fólst að koma fram í tveimur tónleikaröðum, sjónvarpsviðtali og Íslandskynningu í Seattle og Minnesota. Lítið var um svör þegar óskað var eftir rökstuðningi en Agli var eftir óbeinum leiðum bent á að sjóðurinn sé nú samkeppnissjóður og þess vegna sé erfitt fyrir klassíska tónlistarmenn að hljóta styrk. Þess konar svör kveikja spurningar um hversu miklu máli vinsældir og markaðshugsjónir eru hafðar að leiðarljósi í sjóðsúthlutunum og hvort klassískir söngvarar eigi þá nokkurn séns yfir höfuð?

Kórastarf og atvinnumennska

Á undanförunum árum hafa atvinnusöngvarar tjáð sig opinberlega og sín á milli um mikilvægi þess að stofnaður verði atvinnumannakór með föstum stöðugildum hér á landi. Slíkur kór gæti sinnt mismunandi skyldum og starfað þvert á stofnanir; til dæmis í samstarfi við Þjóðaróperu, RÚV, Sinfóníuhljómsveit Íslands, leikhúsin og á landsbyggðinni; sinnt upptökum á nýjum og eldri verkum; haft hlutverk innan Þjóðkirkjunnar, við tónlistarflutning á landsbyggðinni og sinnt fræðslustarfi. Kórinn gæti kynnt íslenska kórtónlist erlendis á

svipaðan hátt og Sinfóníuhljómsveitin hefur gert hingað til. Slíkur kór myndi, auk nýrrar Þjóðaróperu og bættu styrkjaumhverfi, gjörbreyta starfsumhverfi klassískra söngvara á Íslandi mikið.

Í könnun okkar stóð ekki á svörum við eftirfarandi spurningu: **Hvaða skoðun hefur þú á stofnun atvinnukórs með föstum stöðugildum sambærilegum við hljóðfæraleikara í Sinfóníuhljómsveit Íslands?**

Ég tel að það eigi að vera kór við Þjóðaróperu og að Sí eigi að greiðan kórsöngvurum full laun fyrir sína vinnu með hljómsveitinni, hvaða kór sem þau kjósa að ráða í verkefni.

Ég held að það væri klárlega eitthvað sem á að gera. Þetta hefur verið talað um lengi og nú nokkuð í kóraheiminum og innan raða Klassís. Ég teldi hinsvegar að ef það yrði gert yrði það að vera samansett af atvinnusöngvurum sem geta sungið fleiri stílbrigði en bara hefðbundin klassískan söng. Þetta er pólitískt mál innan raða söngvara.

Það væri mjög jákvætt og er starfsvettvangur sem ég hefði áhuga á að starfa við.

Er mjög spennt fyrir þeirri hugmynd

Það þætti mér alveg frábært og í rauninni sjálfsagt.

Mjög líklega óraunhæft fyrir markað sem Ísland, en ætti auðvitað að vera sjálfsagt mál

Það myndi bæta starfsumhverfi söngvara til muna.

Fær 100% mitt atkvæði.

Það er ekki galin hugmynd, en það þyrfti að skilgreina vel hverjar skyldur slíks kórs væru.

Nauðsynlegt og eðlilegt

Finnst að slíkur kór ætti að vera til staðar.

Ætti auðvitað að vera í boði

Sjálf hef ég starfað við atvinnukór í nokkur ár erlendis en það hefur verið ómetanleg starfsreynsla sem ég vildi óska að söngvarar á Íslandi gætu sótt um. Ég tel að það væri tilvalið að stofna atvinnukór á Íslandi með 40-50% starfshlutfalli til að byrja með sem gæti svo vaxið smám saman. Svoleiðis kór myndi gjörbreyta starfsumhverfinu heima. Meðfram kórstöðunni minni hef ég getað átt fjölbreyttan feril sem sólisti og staðið fyrir fjölda söngverkefna sem ég grínast oft með að hafi verið í boði kórsins míns - ef ég hefði ekki verið í föstu kórstöðunni, hefði ég ekki getað leyft mér að vera eins virk í sjálfstæðu senunni og raun ber vitni, eins grátbroslegt og það er nú.

Löngu tímabært! Ég vil slíkan kór sem allra fyrst.

Örugglega fínt fyrir einhverja, ég hef ekki áhuga á slíku. Ekki viss um að grundvöllur eða eftirspurn sé fyrir slíku.

Bráðnauðsynlegt og löngu tímabært, ef sínfó ætlar að standa að flutningi tónbókmennta heimsins með glæsibrag.

Mér líst vel á það og myndi jafnvel reyna að komast í hann og fá amk tímabundið lækkað starfshlutfall í aðalstarfi mínu.

Það væri frábært, en held að það væri erfitt að hafa heilan kór með 100% stöðugildum á þessum litla markaði.

Mjög aðkallandi, en slíkur þjóðarkór þyrfti að sinna fleiru en SÍ og RÚV til að hafa næg verkefni, allt frá ferðalögum um landið til útfara þjóðhöfðingja.

Nauðsynlegt framfaraskref ef hér á að ríkja heilbriggt starfsumhverfi fyrir klassískt menntaða söngvara.

Í öllum löndum Evrópu sem við miðum okkur við, eru starfræktir atvinnumannakórar (útvarpskórar, kammerkórar, óperukórar) sem eru margir reknir á svipaðan hátt og sínfóníuhljómsveitir eða sem hluti af leik-/óperuhúsi. Föst staða í atvinnukór veitir söngvara

vinnu við sitt fag í öruggu starfsumhverfi með föstum tekjum og reglulegum verkefnum á háu listrænu plani. Starf í atvinnukór er oft betur borgað en einsöngvarastöður í smærri óperuhúsum, allavega í Þýskalandi og kórstöðurnar eru því oft á tíðum fjölskylduvænni. Hér á landi eru ekki innviðir fyrir atvinnukór og kannski hafa sumir íslenskir söngvarar ekki gert sér grein fyrir möguleikanum á því að eiga feril að hluta eða fullu leyti í atvinnukór. Erlendis er gífurleg samkeppni um slíkar stöður í eins og í hljómsveitum en vinna í slíkum kórum stuðlar að listrænu starfi á háu leveli sem og dýrmætu starfsöryggi.

Ónefnd eru þau jákvæðu áhrif sem atvinnukórar hafa á menningarlífið allt sem og starf áhugamannakóra og barnakóra auk þess menningararfs sem verður til og varðveitist. Ef við lítum bara til Sinfóníuhljómsveitar Íslands, þá eru ótvíræð þau áhrif sem hennar starf hefur haft á allt okkar menningarlíf og jafnvel sjálfsmynd þjóðarinnar. Þar eiga einnig börn og ungt fólk í tónlistarnámi fyrirmyndir sínar og kennara. Því miður hefur sú hefð skapast hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands að ráða aðeins til sín áhugamannakóra til að taka þátt í flutningi á kórverkum sem hljómsveitin flytur en ekki atvinnukóra. Þegar litið er yfir starfsár hljómsveitarinnar 2023-2024 er þar enga atvinnumannakóra að finna. Um margra ára skeið hafa söngvarar hvíslað um það sín á milli en eru nú farnir að segja það upphátt og óska eftir því að breyting verði þar á enda grefur Sinfóníuhljómsveitin undan starfsvettvangi söngvara þegar einungis áhugamannakórar eru ráðnir. Fagfólk talar um nauðsyn þess að standa vörð um listræn gæði, vernda fagið og búa til raunveruleg störf á fagvettvangi. Að ráða eingöngu áhugamannakóra mætti líkja við að góðu áhugafólki væri boðið að spila alla íþróttalandsleiki meðan atvinnufólkið sæti heima. Stjórnendum hljómsveitarinnar er kunnugt um stöðuna og viðhorf margra söngvara en hafa enn þeir ekki svarað kallinu eða kallað eftir nauðsynlegu fjármagni til að breyta þessu. Margir áhugamannakóramir eru góðir og því í raun mjög jákvætt og hvetjandi að bjóða þeim að syngja með Sinfóníunni til að auka þátttöku og áhuga. Þegar atvinnufólkið er hins vegar algjörlega útilokað frá vettvangi sem ætti að vera þeirra fagvettvangur, þarf að skoða málin betur.

Á Íslandi eru engu að síður starfandi framúrskarandi atvinnumannakórar en þeir starfa einungis í einstökum verkefnum og erfitt reynist að greiða söngvurum samkvæmt taxa. [Schola Cantorum](#) hefur starfað frá árinu 1996 við frábæran orðstír en auk þess eru [Cantoque Ensemble](#), [kyrja](#) og [Barbörurukórinn](#) dæmi um kóra skipaða atvinnufólki. Í kórunum eru margir faglærðir söngvarar en flestir þeirra geta þó ekki starfað í eins faglegu umhverfi eins og t.d. Sinfónían vegna skorts á innviðum og fjárframlögum þó fagfólkið og fagmennskan séu svo sannarlega til staðar. Aðdáunarvert er hversu hár gæðastuðull er á þessum kórum og ljóst að margir hafa lagt ómetanlega og óeigingjarna vinnu og mikla ástríðu í uppbyggingu þeirra. Staðreyndin er hins vegar sú að kórmeðlimir fá sjaldnast

eðlilega greitt fyrir vinnuna sína, samanber ýkta dæmið úr Áramótaskaupinu og kórarnir geta ekki starfað í öruggri samfellu. Kór Íslensku óperunnar er sennilega eini atvinnukórinn þar sem kórsöngvarar hafa í flestum tilfellum fengið eðlilega greitt fyrir verkefni og hefur hann þess vegna verið mikilvægur starfsvettvangur fyrir marga söngvara, þrátt fyrir fá verkefni á hverju ári.

Þegar hugsað er til Útvarpskórsins sem var lagður niður árið 1950, koma hin ótalmörgu tækifæri sem þar hafi glatast upp í hugann og hvernig tími sé nú kominn til að endurvekja þá metnaðarfullu hugmynd.

Þjóðkirkjan

Í Danmörku starfar fjöldi klassískra söngvara í hlutastarfi við dönsku þjóðkirkjuna þar sem þeir koma fram í messum, við jarðarfarir og aðrar kirkjulegar athafnir. Stöðurnar veita þeim tækifæri til að starfa við sitt fag í reglulegri vinnu með öðru tónlistarfólki og fá fastar tekjur. Kirkjurnar aftur á móti, njóta þess að vera með fast starfsfólk sem sinnir fjölbreyttu tónlistarstarfi í kirkjustarfinu og söfnuðurinn nýtur góðs af. Þegar spurð um þýðingu slíkrar stöðu fyrir sig, svarar Svafa Þórhallsdóttir, sópransöngkona í Danmörku að starfið sé sér ofsalega mikilvægt og með almennilegum skilmálum. Flestir söngvarar í Danmörku, segir hún, starfi sem kirkjusöngvarar meðfram annarri söngvinnu. Svafa hefur starfað sem kirkjusöngvari í 15 ár, byrjaði fyrst með frekar lág laun í Kaupmannahöfn en er nú í lúxusstöðu úti á landi sem einsöngvari. Vinnuskyldan er 18 tímar eða tæplega 50% starf. Hún fær 5 vikna sumarfrí og 8 fríhelgar yfir árið. Í vinnunni bjóðast tækifæri til að starfa með öðru tónlistarfólki sem getur leitt af sér önnur verkefni.

Á Íslandi hefur löngum tíðkast að ráða söngvara til að syngja við jarðarfarir. Í raun er það einn helsti starfsvettvangur klassískra söngvara á Íslandi. Erfitt getur reynst að komast að í jarðarfararahópum eða sem einsöngvari en áhugafólk tekur auk þess nokkuð pláss í þessum verkefnum. Sumir prestar mæla með kirkjukórum sínum og hafa þeir sterk áhrif á val aðstandenda á flytjendum og tónlistinni. Tónlistarfólkið er sjálfstætt starfandi og fær greitt af aðstandendum hinna látnu en ekki þjóðkirkjunni.

Eftir Hrunið árið 2008 dró Þjóðkirkjan saman seglin í tónlistarflutningi og nær algjört hrun varð í tónlistarflutningi í kirkjuathöfnum. Organisti sem rætt var við, sagði að fyrir hrun hefði kórinn í kirkjunni þar sem viðkomandi starfaði, fengið 4 milljónir á ári til afnota fyrir messusöng auk fjármagns fyrir aðkeyptum einsöng og hljóðfæraleik. Eftir hrun fór upphæðin niður í 0 krónur en í dag er viðkomandi aðeins með 2 milljónir á ári fyrir allt tónlistarstarf í

sinni kirkju. Nýlega lögðu aðilar innan Þjóðkirkjunnar til á Kirkjubingum að dregið yrði mjög úr fjármagni til Tónskóla Þjóðkirkjunnar en með slíkum gjörningi, myndi tónlistarlíf innan kirkjunnar minnka enn meira og hafa neikvæð áhrif á allt tónlistarstarf innan hennar. Hnignun tónlistarstarfs innan kirkjunnar fer þannig hönd í hönd með hnignun og samdrætti Þjóðkirkjunnar sjálfar sem hefur átt undir högg að sækja á undanförunum árum. Í sögulegu samhengi hefur kirkjan spilað ómetanlegan þátt í tónlistar- og menningaruppeldi og -starfi í samfélaginu, bæði hér og erlendis. Sá vinkill vill oft verða útundan í umræðunni um stöðu kirkjunnar í samfélaginu en er mjög mikilvægur þegar fjallað er um málefni söngvara og tónlistarstarfs almennt. Dæmi um ómetanlegt uppbyggingarstarf í kirkjunni má nefna kóra- og barnastarfið í Hallgrímskirkju og Langholtskirkju en Gradualekórinn í Langholtskirkju var stofnaður af Jóni Stefánssyni árið 1991. Í því starfi stigu fjölmargir starfandi atvinnusöngvarar og tónlistarfólk sín fyrstu söngskref.

Leikhúsin

Leikhús og leikhúsferðir skipa mikilvægan sess í lífi fjölmargra Íslendinga og íslenska leikhúslífið er fjölbreytt og aðgengilegt. Hið sama gæti gilt um óperuformið og alls kyns tónlistarleikhús þar sem klassískir söngvarar koma fram. Óperuformið hefur ef til vill verið litið hornauga af sumum í samfélaginu og þótt óaðgengilegt, ef til vill vegna skorts á sýningum, nýsköpun og samfellu á óperustarfi í gegnum tíðina. Einhverjum finnst það gamaldags, of dýrt og stórt í sniðum. Þeir sem fylgjast með senunni erlendis og grasrótinni heima, vita að svo þarf alls ekki að vera og að mikil þróun og nýsköpun á sér stað víða. Frekar lítil samvinna hefur verið milli leikhússins og óperufólks almennt séð í senunni hér heima. Af einhverjum ástæðum hafa fáir reynslumiklir, klassískir atvinnusöngvarar fengið tækifæri til að koma fram í leikhúsunum á Íslandi í viðeigandi verkefnum. Þó hefur örlítið rofað til á síðustu 1-2 árum þegar leikhúsin hafa stutt við óperusýningar sem eru framleiddar af sjálfstæðum hópum. Sviðslistahópurinn Óður hefur þannig staðið fyrir 2 óperusýningum í Þjóðleikhúskjallaranum á síðustu 2 árum sem hefur vakið nýjan áhuga og skilning á forminu. Í Borgarleikhúsinu hafa einnig verið fluttar íslenskar kammeróperur á síðustu misserum í samstarfi við sjálfstæða hópa sem er mjög jákvæð þróun. Örfáir klassískir söngvarar hafa einnig sungið í söngleikjum á vegum leikhúsanna á síðustu árum. Þegar leikhúsin hafa boðið í prufur, hafa þær þó ekki verið opnar atvinnusöngvurum og oft eru leikarar fengnir til að fara með sönghlutverk sem myndu ef til vill henta skóluðum söngvurum betur. Eins hafa leikhúsin ekki fastráðið söngvara. Í hópi lærðu söngvarana leynast margir með gífurlega sviðs- og leikreynslu úr erlendum atvinnuhúsum og þeir gætu átt fullt erindi á íslensk leiksvið. Að líta í ríkari mæli til Þýskalands og þeirra samlegðaráhrifa sem verða þegar leikhús, ópera og dansflokkar starfa í návígi, gæti einnig verið góð hugmynd.

RÚV og fjölmiðlarnir

RÚV er ein mikilvægasta menningarstofnunin í samfélaginu og á sér hliðstæður í BBC á Englandi; Radio France í Frakklandi; NPO í Hollandi og ríkismiðlunum á Norðurlöndunum. Hlutverk RÚV er að „upplýsa og fræða, skerpa skilning og þátttöku í samfélaginu, auka ánægju og hreyfa við fólk á uppbyggilegan hátt“, eins og fram kemur á heimasíðu stofnunarinnar. RÚV hefur þannig ríku menningarhlutverki að gegna. Rás 1 er til dæmis eina útvarpsstöðin sem sinnir klassískri tónlist að einhverju ráði, þó svo umfjöllun um hana hafi minnkað verulega á undanförunum árum. Árið 2013 stóðu yfirvöld fyrir miklum niðurskurði hjá RÚV þar sem framlag til stofnunarinnar var minnkað um 1 milljarð á ársgrundvelli (rúmur 1,5 milljarður á verðlagi dagsins í dag). Um 60 manns misstu vinnuna, þar af margar menningarkanónur, og tónlistardeildin var svo gott sem lögð niður. Áhrif þessa sársaukafulla niðurskurðar verða seint fullmetin en ljóst er að á þeim rúma áratugi sem liðinn er síðan þá, hefur umfjöllun um menningu átt undir högg að sækja í öllum fjölmiðlum. Þegar farið er inn á heimasíðu [RÚV](#), má einmitt sjá að þar eru menning og dægurmál sett undir sama hatt sem er táknrænt fyrir hningnandi þróun faglegrar menningarumfjöllunar á undanförunum árum.

Sýnileiki klassískra tónlistarmanna hefur á sama tíma snarminnkað í þáttagerð; þeir eru sjaldan beðnir um að koma fram í þáttum og meiri áhersla er á dægurtónlist. Oft reynist nær erfitt að fá umfjöllun um klassíska tónlistarviðburði og sama er að segja um gagnrýni á tónleikum og uppfærslum í öðrum fjölmiðlum enda eru fáir gagnrýnendur starfandi. Það dagskrárgerðarfólk sem sinnir menningunni á fjölmiðlunum vinnur undir miklu álagi og hefur ekki tök á að fjalla um nema örlítið brot af menningartengdum viðburðum sem eiga sér stað í samfélaginu. Um mikinn meirihluta þeirra tónleika sem haldnir eru, eru því ekki til neinar umfjallanir eða heimildir. Í menningarumfjöllun Kastljóssins um árið sem var að líða og sviðslistaumfjöllun á RÚV, var til að mynda ekki einu orði minnst á klassíska tónlist. *Klassíkin okkar* á RÚV er þó dagskrárliður sem nýtur mikilla vinsælda ár hvert en það góða áhorf sem hann fær er ef til vill vísbending um að ekki skorti áhuga hjá áhorfendum.

RÚV hefur undanfarið verið gagnrýnt fyrir að taka fáa tónleika og frumflutninga upp í menningarlífinu sem og fyrirkomulag við upptökur. FÍH, Félag íslenskra hljómlistarmanna hefur unnið í þeim málum að undanförunu fyrir hönd Jazzhátíðar sem tók af skarið fyrir allt tónlistarfólk. Tónlistarmenn hafa í mörgum tilfellum ekki fengið greitt samkvæmt taxta FÍH fyrir þær upptökur sem RÚV hefur staðið fyrir á undanförunum árum. Þetta er mikilvægt hagsmunamál fyrir tónlistarfólk og því mikilvægt að þessi mál séu á hreinu. Mál FÍH gegn Rás 1 vegna Jazzhátíðar var tekið fyrir í félagsdómi í júní sl. og lauk með sigri tónlistarfólksins en athyglisvert verður að fylgjast með því hvaða áhrif það hefur á

fyrirkomulagið hjá RÚV og hvort niðurstaðan muni bæta hag tónlistarfólks eða hvort RÚV muni í enn minna mæli taka upp tónleika.

Á fundi FÍT (Félags íslenskra tónlistarmanna) við stjórnendur RÚV á síðasta ári, bentu fulltrúar FÍT á að bæta mætti hlut klassískrar tónlistar á RÚV og Rás 1 meðal annars með því að auka umfjöllun og dagskrárgerð; taka upp söng- og kammertónleika í samstarfi við tónleikahaldara; útvíkka hugmyndina um Lag dagsins; leysa deiluna við FÍH; taka upp söngkeppni söngvara, [Vox Domini](#) eins og gert hefur verið við Samfés og Nótuna; bæta klassískum atriðum við þætti eins og Gísla Marteín, Kiljuna og Kastljós; fara yfir hvað er á döfinni í tónlistarlífinu í hverri viku; fjalla um jákvæð áhrif söngs á máltöku barna, geðheilbrigði og hvernig söngurinn getur hjálpað nýbúum og flóttamönnum við að mynda tengsl og aðlagast samfélaginu.

Sem dæmi um skort á almennri fjölmiðlaumfjöllun um málefni klassískrar tónlistar er hægt að benda á að sjaldan er til dæmis fjallað um gott gengi íslenskra söngvara erlendis eða verkefni þeirra á Íslandi. Skortur á umfjöllun hérlendis mætti líka við ef lítið væri fjallað um leiki íslenskra landsliða og árangur íslenskra íþróttamanna á erlendri grundu. Íþróttir taka mikið pláss í fjölmiðlum og almenningur er almennt séð vel inni því sem þar er efst á baugi, þekkir íslenska íþróttamenn og er meðvitaður um mikilvægi hreysti og hreyfingar. Það er mjög jákvætt og hefur hvetjandi áhrif á almenna íþróttaiðkun. Aukin umfjöllun um menningu hefði að sama skapi mikla þýðingu fyrir almenning og samfélagið allt. Vissulega er að sá skortur á menningarumfjöllun sem um ræðir, hluti af stærra vandamáli fjölmiðla á Íslandi og rekstrarumhverfi þeirra.

Löndin í kringum okkur og alþjóðlegt samstarf

Hvernig er starfsumhverfi klassískra söngvara í löndunum í kringum okkur?

Á öllum stærri Norðurlöndunum og öðrum nágrannalöndum (t.d. í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Noregi, Englandi, Hollandi, Þýskalandi, Frakklandi og Eistlandi) eru starfræktir atvinnumannakórar með föstum stöðugildum sem og nokkur óperuhús í hverju landi og fjölmargar hátíðir þar sem vinnu er að fá. Blómlegt kirkjustarf er víða með tilheyrandi kirkjutónlistarstarfi. Fyrirmynd flestra, þegar kemur að óperustarfi, er án efa Þýskaland og Austurríki en í Þýskalandi eru yfir 80 óperuhús og óperuhús eins sjálfsgöð og leikhúsin. Þar starfa oft leikarar, óperulistarfólk og dansarar saman í leik-/óperuhúsi og nýsköpun á sér stað á hverju ári enda ber húsunum skylda til að framleiða nýtt efni. Ungu fólk finnst ekki tiltökumál að fara í óperuna eins og eldri áhorfendum og áhersla er lögð á barnastarf. Nýlega

setti óperan í Linz í Austurríki upp nýja óperu, byggða á [Kristnihaldi undir jökli](#) eftir Halldór Laxness. Óperan hefur ekki verið flutt hér og engin plön eru um sýningnar hér sem stendur. Miklir möguleikar felast hins vegar í samstarfi við tónlistarhús og hátíðir í Evrópu, möguleikar sem nýta mætti mun betur en hingað til hefur verið gert.

Samfélagsstyrkir, þátttaka fyrirtækja og samfélag

Í framhaldi af þessu er vert að benda á að á Íslandi hefur ekki skapast mjög sterk menning innan fyrirtækja að styðja rausnarlega við samfélagsleg málefni eins og víða erlendis. Örfá stórfyrirtæki auglýsa samfélagsstyrki öðru hverju en upphæðirnar sem í boði eru, eru yfirleitt ekki háar þó þær hjálpi að sjálfsögðu þeim sem styrkina hljóta. Vinnan við að sækja um styrki svarar stundum ekki kostnaði því umsóknagerð krefst mikillar vinnu og er tímafrek og ef umsækjendur eru ekki vel tengdir, er oft ógerlegt að fá styrki frá fyrirtækjum.

Eflaust liggja mörg tækifæri í því að efla samstarf fyrirtækja og listamanna og nýlega breytti Skatturinn reglum sínum um [almennaheillaskrá](#). Óhagnaðardrifnum lögaðilum sem starfa með þjóðfélagslegan tilgang og samfélagsleg markmið að leiðarljósi, geta sótt um að vera á almennaheillaskrá. Gjafir og framlög til þeirra, skapa skattafrádráttarheimild hjá gefendum. Þetta nýja fyrirkomulag ætti að hafa hvetjandi áhrif á fyrirtæki að styrkja við þau málefni sem þeim þykja mikilvæg og taka þannig meiri þátt í samfélaginu enn ella.

Aðstaða og aðstöðuleysi

Mikið hefur verið rætt um aðstöðuleysi sjálfstæðs sviðslistafólks á Íslandi en sviðum á höfuðborgarsvæðinu hefur sviðum og viðburðarýmum fækkað mikið á undanförunum árum, þrátt fyrir vaxandi grósku í senunni. Aðstandendur Tjarnarbíós, leikhúss sjálfstæða sviðslistageirans, hafa verið duglegir að vekja athygli á stöðunni en Tjarnarbíó er sprungið og gífurleg aðsókn að rýminu. Um miðjan júní tilkynnti Sara Martí Guðmundsdóttir, leikhússtjóri Tjarnarbíós, að loka þyrfti Tjarnarbíói í haust, hlyti leikhúsið ekki fleiri rekstrarstyrki en slíkt hefði haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir alla senuna og hundruði fagfólks sem starfa í senunni. Sem betur fer tókst að svara kallinu en það er lýsandi fyrir ástandið að koma þyrfti til annars eins neyðarkalls til að fá svörun. Síðastliðið vor lokaði einnig Gaflaraleikhúsið í Hafnarfirði þegar eigendur ákváðu að selja húsið til að rýma fyrir hótélbyggingu.

Harpa breytti tónlistarlandslaginu á Íslandi þegar hún var opnuð árið 2012. Sinfónían fékk loks húsnæði við hæfi og er með glæsilega dagskrá árið um kring. Aðrir íbúar hússins

eru Stórsveit Reykjavíkur og Íslenska óperan. Að margra mati tekur ráðstefnuhald þó of mikið pláss í húsinu og salarleigan í Hörpu er of há fyrir sjálfstætt tónlistarfólk. Af þeim sökum er hún mjög óaðgengileg og fáir styrkir eru í boði fyrir þann hóp til að standa fyrir viðburðum. Þeir sem leigja sali, taka oftast en ekki fjárhagsáhættu og enda stundum á að borga með sér ef tónleikasókn er ekki með besta móti. Vegna leigukostnaðarins, er æfingartími í rýminu einnig af afar skornum skammti nema greiddar séu háar upphæðir fyrir. Af þessum ástæðum er Harpa, kaldhæðnislega, í mörgum tilfellum ekki vænlegur kostur til sýninga eða tónleika fyrir sjálfstætt starfandi tónlistarfólk. Auk þess er ekkert óperusvið í húsinu en margir harma að það hafi ekki verið hluti af húsinu. Salirnir hafa engu að síður verið notaðir undir óperuflutning.

Ef til vill væri hægt að koma upp fyrirkomulagi í Hörpu, þar sem sjálfstætt starfandi tónlistarfólki væri boðið að sækja um afnot af sölunum á svipaðan hátt og Tjarnarbíó býður sviðslistafólki upp á. Fyrirkomulagið hjá Tjarnarbíói er þannig að listafólki býðst ókeypis afnot af aðstöðunni en miðasölunni er skipt á milli leikhússins og flytjenda. Viðburðirnir í Hörpu gætu orðið hluti af dagskrá hússins sem hingað til hefur ekki státað af umfangsmikilli eigin dagskrárgerð og því gætu báðir aðilar haft gagn af; sjálfstætt tónlistarfólk fengi raunverulegt aðgengi að húsinu og Harpa gæti lagt ríkari áherslu á menningarviðburði en ráðstefnur og aðra ómenningartengda viðburði. Ljóst er að starfsfólk Hörpu er allt af vilja gert til að aðstoða tónlistarfólkið og vera því til taks. Ábyrgðin og getan til að breyta og laga ástandið liggur hjá eigendunum, ríki og borg.

Kirkjurnar og viðburðarými rukka mörg háa leigu fyrir tónleika og fylgja sum að því er virðist verðlagi Hörpu sem setur tóninn. Æfingarými eru auk þess almennt séð af mjög skornum skammti sem og geymslupláss fyrir leikmyndir og búninga eru ekki til staðar. Miklu myndi muna ef hægt væri að leigja vel búin æfinga- og geymslu á góðu verði eins og tíðkast víða erlendis.

Mikilvægi nýrra áhorfendahópa

Áhyggjur fagfólks innan klassíska söngfagsins vegna stöðu mála felst ekki síst í óvissu um framtíðina og skorti á þróun og uppbyggingu á áhorfendahópum og samfellu í starfi. Hvernig á að hitta fyrir nýja áhorfendur? Án samfellu á sýningum og tónleikum er erfitt að byggja upp og bjóða nýja áhorfendahópa velkomna og þá verður eftirspurnin smám saman minni og minni og listformið hættir að vera mikilvægt eða hluti af lífi fólks. Að sama skapi hefur verkefnavalið mikið að segja. Sýning Þjóðleikhússins á söngleiknum [Sem á himni](#) sem og sýning Íslensku óperunnar á [Madama Butterfly](#) á síðastliðnu leikári kveiktu á heitum samfélagsumræðum um inngildingunni fagfólks og áhorfenda hjá íslenskum sviðslistastofnunum og ljóst er að mun ríkari krafa er gerð á verkefnavali, inngildingunni og

áherslur hjá listrænum stjórnendum en áður. Íslenskt samfélag og viðhorf breytist í sífellu og ljóst er að áhorfendur í dag eru öðruvísi en þeir voru fyrir nokkrum árum og áratugum og það þurfa listirnar og þar á meðal sýningar leikhúsanna og óperu að endurspeglar.

Barnamenningarhátíðin síðastliðið vor vakti mikla ánægju og athygli í samfélaginu en börn sungu og nutu menningar um alla borg. Barnamenningarsjóður var stofnaður árið 2018 og átti að starfa í 5 ár. Miklar gleðifrættir bárust nýlega þegar yfirvöld tryggðu starfsemi hans til framtíðar enda hefur mikilvægi hans sannað sig á undanförunum árum. Sjóðurinn hefur meðal annars verið klassískum söngvurum mikilvægur á síðustu árum til að standa fyrir söngverkefnum fyrir börn, sem og öðru listafólki. Sjóðurinn er þó að sjálfsögðu mikilvægastur íslenskum börnum.

Tónlist, lýðheilsa, nýsköpun og framtíðin

Ógrynni rannsókna og greina hafa sýnt fram á gildi tónlistar, [kórastarfs](#) og söngs fyrir fólk, börn, lýðheilsu og samfélög. Tónlistar- og listnám eykur hæfni á mörgum sviðum en samt hefur tónlistar- og listkennsla minnkað í grunnskólum á Íslandi á undanförunum árum og tónlistarskólar hafa orðið harkalega fyrir barðinu á niðurskurði. Gunnar Guðbjörnsson, söngvari og skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz, skrifaði póst á [Facebook](#) í kjölfar velgengni Laufeyjar Lín á Grammy-verðlaununum nú í byrjun vikunnar um stöðu mála og mikilvægi tónlistarnáms:

„Frá því að samkomulag um eflingu tónlistarnáms var gert árið 2011 hafa um 150 söngnemendur horfið úr kerfinu. Mikið af þeim nemendum virðast hafa færst yfir í hljóðfæranám.

Niðurskurður sem gerður var í kjölfar hrunsins hefur aldrei skilað sér til baka til tónlistarskólanna og í raun er niðurskurðurinn nú, viðauki við þann niðurskurð.

Svo virðist sem Reykjavík og ríkið vinni í sameiningu að því kerfisbundið að byggja niður tónlistarnám á Íslandi, í stað þess að efla það. Það gera þau með samkomulaginu um eflingu tónlistarnáms en það nafn er fullkomið öfugnefni. Samkomulagið fylgir t.d. ekki launapróun tónlistarkennara, sem er þó stöðugt á niðurleið. Afleiðingarnar eru stöðugt minni kaka, sem skiptist á milli færri nemenda, þó bæði Reykjavík og þjóðin stækki.

Það eru ömurleg þróun og enn ömulegra að sjá fólk í stjórnámum á samfélagsmiðlum láta eins og þeir eigi einhvern þátt í því að við eignumst tónlistarfólk eins og Laufeyju, Hildi Guðna, Víking, Daníel Bjarnason, Önnu Þorvalds, Ólaf Kjartan og svona gæti ég lengi talið, því listinn er langur. “

Barnakórastarf er einnig á undanhaldi og sum börn fá ekki tækifæri til að stunda tónlistarnám vegna hversu dýrt það er og sums staðar er ekki hægt að komast að vegna langra biðlista. Íslendingar eru þekktir um allan heim fyrir sköpunargáfu en nýlega birtist grein í [Guardian](#) um hvernig Ísland hefur þróast í „orkuver“ fyrir klassíska tónlist. Þegar litið er til mannfjölda, hafa Íslendingar náð vægast sagt stórfenglegum árangri, bæði á sviði klassískrar (og annarrar) tónlistar og því væri eðlilegt að innviðir væru sérstaklega sterkir í þessum fögum.

Spennandi tækifæri liggja einnig í lýðheilsuvísindunum og samspili lista, samfélags og heilsu. Haustið 2019 kom út [skýrsla](#) á vegum WHO, Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar um áhrif listanna á heilsu fólks en þar kom fram að söngur sé meðal sterkustu aflanna. Samkvæmt skýrslunni má líkja söng við það að stunda hreyfingu. Þegar fólk syngur, leysist efni úr læðingi í líkamanum sem hafa góð áhrif á andlega líðan og heilsu. Listaháskóli Íslands býður einmitt í fyrsta sinn næsta haust upp á námsleiðina [Listir og velferð](#) fyrir þá sem hafa áhuga á að þróa leiðir til að nýta listir í þágu félags- og heilsuefningar og er það til marks um þá spennandi þróun sem er að eiga sér stað í tengslum við listir og samfélög. Magnea Tómasdóttir, söngkona, hefur unnið mikið undanfarin ár með sönginn í félagslegu samhengi og til að mynda boðið upp á spunanámskeið fyrir sjúklinga með heilabilun þar sem hún notar sönginn sem sitt aðalverkfæri. Einnig hefur hún haldið fjölmarga tónleika á hjúkrunarheimilum og fyrir fólk í dagdvöl á höfuðborgarsvæðinu. Í samtali benti hún á mikilvægi þess að minnka ekki kröfur um gæði tónlistarflutnings fyrir einstaklinga sem eiga erfitt með að sækja hefðbundna tónleika. Erfitt getur reynst fyrir tónlistarfólk að fá styrki til að standa fyrir félagslegum verkefnum á borð við þau að fara inn á hjúkrunarheimili eða halda aðgengilega tónleika í vernduðu umhverfi.

Stjórnendur Söngskóla Sigurðar Demetz hafa vakið athygli á þeim möguleikum sem heilsueflandi söngnám getur haft og þýðingu þess fyrir fólk en margt ungt fólk stundar þar nám. Á næstunni hyggjast stjórnendur skólans kanna þessi mál betur í samstarfi við erlenda samstarfsaðila. Í samfélagi þar sem sterk áhersla er lögð á að stuðla að nýsköpun og bættum lífsgæðum í samfélaginu, gæti áttak í að kanna þá möguleika sem felast í auknu og víðtækara söngstarfi og áhrifa þeirra á almannaheill, verið áhugavert viðfangsefni, bæði í rannsóknum og verkefnum.

Vandi söngvara á Íslandi

Að sumu leyti snýst vandi söngvara á Íslandi um kerfisbundið og almennt skilningsleysi á starfinu og mikilvægi þess, víða þar sem allra síst skyldi. Þeir eru auk þess mjög valdalausir í eigin fagi. Á síðustu árum hafa söngvarar þurft að heyja baráttur sem við nánari athugun eru

að mörgu leyti fáránlegar: Íslenska óperan barðist á móti grunnkjararéttindum söngvara í máli sínu gegn Þóru Einarsdóttur og stóð fyrir fáum verkefnum í risastórri yfirbyggingu; RÚV hefur ekki greitt söngvurum og öðru tónlistarfólki fyrir upptökur samkvæmt texta í mörg ár og klassísk tónlist og sönglist hafa einnig átt undir högg að sækja þar á bæ á undanförunum árum með minni spilun og umfjöllun en áður tíðkaðist; Sinfóníuhljómsveit Íslands ræður nær ávallt áhugamannakóra í stað atvinnufólks við flutning á kórverkum með hljómsveit, heldur nær aldrei prufur fyrir söngvara og ræður oft erlenda söngvara til að syngja bitastæðustu einsöngsparta; Þjóðkirkjan hefur dregið saman tónlistarseglin allt frá hruni og innan hennar er sums staðar talað fyrir enn meiri niðurskurði í tónlistarstarfi. Ýmsir kirkjukórar, mannaðir áhugamannafólki, taka nokkuð pláss í jarðarfarsöng og keppast þar við atvinnufólkið. Þar að auki ráða leikhúsin oft og tíðum frekar leikara til að fara með sönghlutverk en faglærða söngvara og bjóða ekki faglærðum klassískum söngvurum í opnar prufur til sín eins og leikurum. Styrkjakerfi ríkisins er, eins og fyrr segir, meingallað en hve óbærilegasti gallinn á því er hversu seint svör berast við umsóknum og með hve stuttum fyrirvara hægt er að sækja um verkefni. Vonandi stendur það til bóta á næstu misserum. Mikið hallar á klassíska söngvara í úthlutunum ÚTÓNs í samkeppni við dægurtónlist. Að halda sér í söngformi og leita að vinnu í þessu starfsumhverfi reynist oft þrautin þyngri. Aðstöðuleysi gerir söngvurum erfitt fyrir sem og há húsaleiga hjá tónlistarhúsi allra landsmanna og ýmsum kirkjum og tónleikastöðum. Að reyna að starfa við fagið á Íslandi er ákveðinn ómöguleiki og því í raun magnað hversu virkir klassískir söngvarar eru þó í menningarlífinu. Ljóst er þó að það er fáum auðvelt. Söngvararnir sjálfir lýstu þessu vel þegar þeir svöruðu eftirfarandi spurningu í könnuninni:

Hver er helsta áskorunin við að vera söngvari í dag? Geturðu nefnt dæmi um eigin reynslu?

Að laun séu í einhverju samræmi við vinnuna sem að baki liggur. Að fá vinnu.

Það getur verið erfitt að koma sér á framfæri nema vera í réttu "klíkunni". Þekkja réttu söngvarana, kórstjóra osfrv. Einnig getur verið erfitt að koma hugmyndum í framkvæmd vegna skorts á fjármagni.

Að þurfa stöðugt að vekja athygli á sjálfum sér og finnast maður þurfa að sanna ágæti sitt og berjast við klíkuskapinn og æskudýrkunina. Allt nýst um "unga söngvara" og "unga listamenn"

Ég syng alls kyns tónlist, bæði klassíska en líka jazz, popp, tilraunakennda tónlist og þjóðlagatónlist. Það sem öll þessi svið eiga sameiginlegt og er mikil áskorun er sú staðreynd að tónlistarfólk er oft algjörlega á eigin báti. Það þarf oft að búa sér til sín eigin verkefni, vera listrænir stjórnendur, markaðs- og kynningarstjórar, fjármálastjórar, rótarar og græja allt mögulegt og ómögulegt til að fylgja eftir listrænni sýn. Þá er ótalið allt sem þarf að græja ef gefa út á tónlist. Þetta er gífurlega yfirþyrmandi, fælandi og hamlandi. Þegar maður ætlar að stíga skref úr grasrót og yfir í "professional" heiminn þá þarf aðkomu mun fleiri aðila til þess að kæfa ekki listina, sköpunargleðina og kraftinn. Þegar maður er svo heppinn að fá að syngja eða koma fram á vel skipulögðum hátíðum eða syngja fyrir stór verkefni/fyrirtæki þá fær maður nasabefinn af því hvað það er gott þegar maður þarf ekki að hugsa fyrir ÖLLU sjálfur. Þá er eftir mun meira þrek í það sem skiptir mestu máli.

Erlendis þar sem ég starfa sem gestasöngvari óperuhúsi er boðið upp á fyrirsöngva fyrir stöður og hlutverk. Ekkert slíkt er í boði hjá íslensku óperunni, fyrir þá sem óperustjóri þekkir nú þegar ekki.

Fá verkefni, lág laun, klíkustarfsemi.

Ófaglegt starfsumhverfi og starfsmenning. Lítil sem engin fagvitund meðal söngvara. Ekki hægt að lifa af því að starfa sem söngvari. Vantar stöður. Laun lág.

Til að starfa sem söngvari þarf maður að vera tilbúinn til að starfa að mestum hluta erlendis. Fyrir þá einstaka söngvara sem starfa hér á landi sem sjálfstætt starfandi við gígg og kirkjulegar athafnir, er ekki nægjanlegt listrænt aðhald og þjálfun, eins og fylgir því að starfa sem söngvari erlendis þar sem stjórnendur og þjálfarar veita stöðugt aðhald sem tryggir listræn gæði. Þetta þurfa söngvarar hér á landi að sjá um og kosta sjálfir sem getur reynst mikil áskorun að forgangsraða þessu þegar tekjurnar duga varla til. Ef söngvari fær stórt tækifæri svo sem hjá SÍ eða ÍÓ þarf hann sjálfur að kosta þjálfun og undirbúning. Það hafa ekki allir svigrúm eða fjármagn í það.

Helsta áskorunin er trúlega starfsumhverfið og það hvað maður er háður styrkjakerfinu. Það er t.d áskorun að vita ekki fyrir en í janúar hvort verkefni sem var sótt fyrir 4 mánuðum fyrir verði að veruleika ... það er líka áskorun skapa allt sjálfur og vera í senn; framkvæmdastjóri, listrænn stjórnandi, markaðstjóri, grafískur hönnuður, textagerðar kona og svo já söngkonan. Alltaf heldur maður samt áfram og stundum finnst mér frekar hafa valið lífstíl fremur en starfsvettvang ... enda vinnandi öllum stundu í ótrúlega fjölbreyttum söngverkefnum til að ná endum saman.

Óvissa um tekjur

Söngvari þarf að sinna mjög ólíkum verkefnum til að hafa í sig og á, kennslu, athafnasöng, tónleikasöng, óperusöng og þar að auki það sem til fellur, allt frá því að vera kynnir á tískusýningu til skemmtana á árshátíðum og gala dinnerum. Þau sem ekki vilja láta skrattast með sig fram og til baka á þennan hátt, verða því stundum undir í samkeppninni um lífibrauðið.

Það er erfitt að koma sér á framfæri án þess að vera í sterkri klíku, hafa óbilandi trú á sjálfri sér og hæfileika til að tala endalaust fyrir sjálfri sér, hversu frábær maður er.

Helsta áskorunin er að vita aldrei hvort eða hvað maður er að fara að fá í laun. Hvernig maður geti undirbúið sig fyrir áföll. Hvernig maður getur staðið með sjálfum sér og réttindum sínum án hræðslu við að vera útilokaður frá verkefnum.

Lítið af verkefnum, mikil samkeppni og mikil pressa, gígg eru illa launuð, dvínandi áhugi almennings.

Starfsumhverfi söngvara á Íslandi er óöruggt þegar kemur að atvinnutækifærum og hversu erfitt reynist að fá styrki fyrir uppfærslum. Svo kemur á óvart hversu treg atvinnuleikhúsin eru við að fá lærða söngvara til liðs við sig.

Án fastrar vinnu/reglulegra verkefna er ekki hægt að halda sér í formi, því venjulegt fólk þarf að verja tíma sínum í greidda vinnu. Það er erfitt að halda dampi þegar stór hluti “söngvinnunnar” virðist þurfa að fara í að sannfæra fólk um að “samfélagið vilji heyra fallegan söng”

Að þurfa að sjá um allt sjálfur hér á Íslandi, bransinn er mjög lítill og fá vel borguð verkefni.

Álag við krefjandi hlutverk

Að fá vinnu, að komast að.

Mjög lítill markaður. Lítið svigrúm til að taka áhættu.

Óreglulegar tekjur og ekkert starfsöryggi. Fólk í kringum mig sem er að reyna þarf eitt þriggja, a) að hafa alla anga úti, sækja um styrki og búa sér til gígg, b) treysta á aðra vinnu til að tryggja afkomuna, eða c) vera vel gift "skaffara" eða eiga grindvískan kvóta...

Mjög óöruggt starfsumhverfi þar sem til dæmis allar tekjur falla niður í meirihluta júní og júlí.

Að fá ekki tækifæri. Þurfa að standa sjálfur fyrir verkefnum og Fá fjármagn til verkefna.

Tilvistarréttur

Of fá verkefni og of langt á milli verkefna. Fákeppni, organistar og kórstjórar halda sig við sömu einsöngvarana árum saman. Langt á milli prufusöngva hjá sífó og óperunni.

Óöryggi og engin möguleiki á fastri vinnu

Fjármagn er langerfiðasti parturinn, margir vilja meiri söng og fleiri tónleika en það er eljandi og erfitt að vinna stöðugt kauplaust.

Að standa alltaf undir nafni. Misjöfn mánaðarleg innkoma.

Að fá nógu mikið af verkefnum. Bara til að mynda jarðarfarasöngur, eina vikuna er ég að syngja 4-5, næstu tvær fæ ég enga.

Lifa af, maður þarf að hafa aðra vinnu.

Vel launuð verkefni eru fá

Í dag er það að 'byrja upp á nýtt' eftir heimsfaraldurinn - managerar hafa ekki tök til að sinna starfi sínu einsog þekktist áður og flestir söngvarar taka instagram eða aðra samfélagsmiðla til notkunar sem "self promotion"... ég á persónulega mjög erfitt með self promotion og finnst það óþægilegt. En án þess og án managera sem þykja "in" er hætta á að maður gleymist aftast í lestinni.

Fleiri söngvarar og færri tækifæri! Annars held ég að þetta sé og hafi alltaf verið hark.

Koma sér á framfæri

Áskorunin er að halda sér í professional formi í hobby aðstöðu.

Lítill markaður. Erfitt að fá áhorfendur þrátt fyrir aðgengileg verkefni. Dæmi eru allar sjálfstæðar sýningar meira og minna.

Helsta áskorunin í dag við að vera söngvari á Íslandi er starfsumhverfið og ójöfn staða samningsaðila

Fá tækifæri. Lítil sýnileiki klassísks söngs á Íslandi. Lág laun. Lítil menningarumfjöllun í fjölmiðlum. Stuðningur Ríkisútvarpsins og sérstaklega Sjónvarpsins er mjög lítil við klassískan söng. Sjónvarpið sýnir endalaus myndbönd með tónlistarmönnum sem eru ekki klassískir en vanrækir klassíska geirann og menningararf Íslands hvað varðar þjóðlög, ljóðasöng, kórsöng og tengsl söngs við bókmenntir. Það er kannski líka offramboð af klassískum söngvurum á Íslandi miðað við hversu fá atvinnutækifærin eru. Góða hliðin á því er að mjög margir eru í söngnámi og syngja í áhugamannakórum, svo það eru frekar mörg störf fyrir söngkennara og kórstjóra.

Mér finnst leitt að geta ekki verið fastráðin í heimalandi mínu og hve fá óperuverkefni eru á ári hjá ÍÓ

Horft til framtíðar

Það býr gífurlegur mannaúður í klassískum söngvurum og þeirra samstarfsfólki á Íslandi og erlendis. Undanfarið hefur greinarhöfundur oft velt þeirri spurningu fyrir sér, hvort landsmenn þekki yfir höfuð söngvarana „sína“ af yngri kynslóðinni eins og þeir þekkja íþróttafólkið, leikarana og áhrifavaldana? Hringja nöfn eins og Arnheiður Eiríksdóttir, Björk Níelsdóttir, Benedikt Kristjánsson, Eyrún Unnarsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Bryndís Guðjónsdóttir, Jóhann Kristinsson, Kristján Jóhannesson, Agnes Thorsteins, Álfheiður Erla Guðmundsdóttir og Andri Björn Róbertsson bjöllum hjá almenningi? Öll eru þetta söngvarar sem eru á blússandi ferð í sínum söngferlum úti um hvippinn og hvappinn.

Þegar gert er grein fyrir starfsumhverfi hópsins og viðhorf hans kannað, liggur við að mani fallist hendur. En ýmislegt vekur líka von; gróskan í grasrótinni, krafturinn í fagfólkinu og sigrar þess héraðs og erlendis, samstaða margra sem og afar dýrmætur pólitískur vilji hjá menningar- og viðskiptamálaráðherra til að efla starfsvettvanginn. Fyrir tæpum 70 árum, árið 1957, sagði Ragnhildur Helgadóttir alþingiskona meðal annars þessi orð í [Þrumuræðu](#) um sýn sína á íslenska óperu og fastráðningu óperusöngvara:

Þeim, sem hafa búið sig undir að gerast söngvarar að atvinnu, hefur fjölgað að mun á síðari árum. Hafa sumir þeirra sett hér að að námi loknu, en það þótti þeim, sem á undan fóru, ekki fýsilegur kostur. Þessir góðu listamenn hafa eft tónlistarlífið, en vinnuskilyrði þeirra hafa þó verið slík, að starf þeirra hefur hvorki orðið þeim sjálfum né almenningi jafnnotadrjúgt og skyldi.

Margt bendir til að þau eigi enn við árið 2024. Vonandi mun ráðherra ná markmiði sínu um að gera tónlist að fullgildri og eftirsóknarverðri atvinnugrein sem allra fyrst og beisla um leið sprengikraftinn sem býr í klassískum söngvurum. Staðreyndin er nefnilega sú að það er ekki einungis hálandið sem hægt er að virkja. Söngvarar vilja vinna við sitt fag og taka þátt í að efla samfélagið og menningarlífið hér á landi. Kannski er einfaldlega mál til komið - það væri spennandi framsókn.